



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Skrifstofa skattamála

Sent í samráðsgátt
18. september 2026

Efni

Umsögn um mál nr. S-167/2026

Áform um breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld (innheimta, tollar o.fl.).

Samtök ungra bænda (SUB) hafa tekið til umsagnar mál nr. S-167/2026 er varðar áform um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (innheimtu, tolla o.fl.). Umsögn þessi á aðeins við fjórða efnispátt sem tiltekinn er í kafla A í áformaskjalinu sem varðar breytingar á tollflokkun á rifnum mozzarella osti með viðbættum jurtaolíum sem notaður er við pizzagerð.

Samtök ungra bænda lýsa yfir andstöðu sinni við áformin hvað framangreindan efnispátt varðar. Um leið er tekið undir umsögn Bændasamtaka Íslands og vísað í bréf SUB og fleiri samtaka til hæstvirts fjármálaráðherra dags 17. febrúar 2025.¹

Samtökin telja málið óvænt á þessum tímapunkti enda hefur margt komið fram nýlega sem benti beinlínis til þess að það myndi fá umfjöllun í samráði við atvinnugreinina sem það snertir hvað mest þ.e. frumframleiðendur mjólkur. Vel er rakið í umsögn Bændasamtaka Íslands sem og áður nefndu bréfi hversu umfangsmikil áhrifin af þessari breytingu eru og alvarlegt hversu létt virðist skautað framhjá þeim staðreyndum í mati á áhrifum þess. Það er þrátt fyrir að í öðrum bréfum og gögnum ráðuneytisins um sambærileg mál á fyrri stigum hafi það verið skrifað berum orðum í yfirlýsingu ráðuneytisins gagnvart ESA eins og vísað er í í umsögn SAFL².

Sérstaka athygli vekur að því er beinlínis neitað í F-kafla áformaskjalsins um samráð að málið skarist við stjórn málaefni annarra ráðuneyta. Það vekur furðu enda kom fram í fyrrnefndri yfirlýsingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins að ekkert yrði aðhafst í málinu frekar fyrr en það hefði verið rætt og tekið fyrir í samninganefnd búvörusamninga sem fjallaði um starfsskilyrði landbúnaðarins. Enda hefur það verið viðurkennt að tollar eru

¹[Umsögn BÍ um mál nr. S-26/2025 og bréf SUB o.fl. samtaka 17.02.2025 vegna áforma um breytingar á tollflokkun osts með viðbætti jurtafitu.](#)

²[Umsögn SAFL um mál nr. S-167/2026](#)

sannarlega stór áhrifabáttur í starfsskilyrðum landbúnaðarins. Til að mynda koma það skýrt fram við endurskoðun búvörusamninga 2021³ sem og 2024 þar sem eftirfarandi bókað:

“Samningsaðilar eru sammála um að forsendur fyrir tollasamningi Íslands og Evrópusambandsins sem tók gildi í maí 2018 eru breyttar, sérstaklega hvað varðar útflutningstækifæri. Samningsaðilar eru sammála um að meginmarkmið yfirstandandi endurskoðunar samningsins verði að auka jafnvægi milli skuldbindinga samningsaðila út frá ávinningi af samningnum.”⁴


Ekki verður séð að brugðist hafi verið við framangreindu sem var einnig bókað í fyrri endurskoðun samninganna. Í endurskoðun búvörusamninga 2023 sem var undirrituð 15. janúar 2024 voru samningsaðilar sammála um að hefja þá þegar samtal um starfsumhverfi landbúnaðarins í heild sinni. Skemmst er frá því að segja að það samtal hefur teygst mjög sem hefur m.a. birst í framlengingu samninganna um eitt ár.

Samtök ungra bænda vænta þess að horft verði til þeirra umsagna sem borist hafa vegna umræddra breytinga og að brugðist verði við þeim til á lágmarka óvissu og neikvæð áhrif sem þau óneitanlega hafa bæði á störf og ákvarðanir bænda sem og frekari framgang samtals um starfsumhverfi landbúnaðarins sem útséð er að verði ekki lokið þegar lagt er upp með að breytingarnar hafi þegar tekið gildi, 1. janúar 2027

Stuðningur og undirtektir við allt það sem fram kemur í umsögn Bændasamtaka Íslands⁵ er ítrekaður og þar af leiðandi um leið andstaða samtakanna við að áformin um breytingu á tollflokkun mjólkurafurða eins og þau eru lögð fram nái fram að ganga. Að mati samtakanna opna áformin glufur fremur en að loka þeim eins og markmið áformanna kveða á um.

Stjórn SUB vonast til þess að stjórnvöld og forsvarsfólk landbúnaðarins geti unnið saman að sameiginlegum markmiðum að tryggja landbúnað á Íslandi sem og fæðuöryggi með hagsmuni íslenskra neytenda og bænda að leiðarljósi. Stjórn SUB er ávallt reiðubúin til frekara samtals og samvinnu við stjórnvöld.

Virðingarfyllst fyrir hönd
stjórnar Samtaka ungra bænda



Steinþór Logi Arnarsson, formaður

³ [Endurskoðun búvörusamninga 2021](#)

⁴ [Endurskoðun búvörusamninga 2023 \(2024\)](#)

⁵ [Umsögn Bændasamtaka Íslands um mál nr. S-167/2026](#)